



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ÍSLE1GA05

Kennsluáætlun – vorönn 2021

Kennarar áfangans

Laufey Danivaldsdóttir (LD) og Þuríður M. Björnsdóttir (PMB).

Áfangalýsing

Áfanginn er undirbúningsáfangi undir frekara nám í íslensku og ætlaður þeim sem ekki raðast beint á 2. hæfniprep.

- **Ritun:** Nemendur vinna skrifleg verkefni og þjálfast í að semja innihaldsríkar málsgreinar og styttri ritun, s.s. efnisgreinar af ýmsu tagi.
- **Lestur:** Nemendur lesa smásögur, Íslendingaþátt, þjóðsögur, goðsögur, nytjatexta og kjörbók.
- **Málnotkun:** Nemendur þjálfast í að beita tungumálinu á margvíslegan hátt, s.s. með skapandi verkefnum, grúski, framsögn og ritun.
- **Framsögn:** Nemendur þjálfast í að tjá sig.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðarsmið
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta- og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stuttan texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum

Kennslubækur og kennslugögn

- Leshefti frá kennara
- Kjörbók: **Án filters** eftir Björgvin Pál Gústavsson og Sölva Tryggvason

Vinnubrögð og verkefnaskil

Vinna nemenda fer fram bæði í tímum og heima. Gert er ráð fyrir mikilli samvinnu nemenda í tímum.

Öll verkefni skulu unnin í tölvu og því þurfa allir nemendur að mæta með fartölvur. Ekki má vinna verkefni í síma. Fjölbreytt leiðsögn og námsmat er nýtt til að hjálpa nemendum að átta sig á stöðu sinni með framþróun í huga.

Mikilvægt er að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma. Einn dagur er ákveðinn skiladagur en nemendur fá tvo daga aukalega til að skila (alls þrjú daga), eftir það lokast skilahólfíð. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að kennari lokar á skil nema tilkynna forföll fyrirfram.

Brýnt er að nemendur ástundi góð vinnubrögð og sinni náminu jafnt og þétt alla önnina til að viðhlítandi árangur náist. Notkun síma er ekki leyfð nema þegar slík notkun er þörf vegna sérstakrar verkefnavinnu.

Námsmat

ÁFANGINN ER ÁN LOKAPRÓFS. Nemendur sem ná markmiðum áfangans og lágmarkseinkunninni 5 hafa lokið 1. hæfniprepi og fara á 2. hæfniprep (Orðspor).

Námsmat samanstendur af verkefnum og prófum og tekur mið af markmiðum annarinnar. Nokkuð er um ferlisverkefni þar sem gerðar eru kröfur um ákveðna færni.

Áfanginn er undirbúningsáfangi fyrir nám á 2. þrepi. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksárangri í áfanganum ljúka honum án einkunnar og sækja að því loknu annan áfanga á 1. þrepi.

- 1. hluti – Ég
 - Æfingar í frágangi og að nýta hjálpargögn 5%
- 2. hluti – Smásögur og bókmenntafræði 20%
 - Verkefnavinna
 - Könnun
- 3. hluti – Kjörbók 30%
 - Verkefnavinna
 - Könnun
 - Ritgerð
- 4. hluti – Bókmenntaarfurinn 20%
 - Þjóðsögur
 - Íslendingaþættir
 - Goðafræði
- 5. hluti – Leiðsögumaður í eigin landi 15%
 - Heimildavinna og ritun
 - Verkefnavinna (glærugerð)
 - Kynning
- 6. hluti – Sýndu hvað í þér býr 10%
 - Ritun sem sýnir hæfni nemanda í framsetningu ritaðs máls

FSu, 5. janúar 2021

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf.

Kennarar áfangans

Vinnuáætlun – Grunnur A vorönn 2021

Dags.	Viðfangsefni og verkefni	Vægi	Verkefni
7.-8. janúar	Kynning áfangans		
11.-15. janúar	1. Verkefni, Ég	5%	Áhersla er lögð á frágang og skil. Verkefnið unnið og skilað á Innu.
18.-22. janúar	2. Smásögur og bókmenntafræði	20%	Saga 1 Verkefni unnin og skilað á Innu.
25.-29. janúar	2. Smásögur og bókmenntafræði		Saga 2 Verkefni unnin og skilað á Innu.
1.-5. febrúar	2. Smásögur og bókmenntafræði		Smásaga skapandi skrif. Verkefni unnin og skilað á Innu.
8.-12. febrúar	3. Kjörbókin Án filters		Lesið bls. 7-50 og vinna verkefni. Próf: Smásögur.
15.-19. febrúar Kátir dagar 17. og 18. feb.	3. Kjörbókin Án filters	30%	Lesið bls. 51-114 og vinna verkefni.
22.-26. febrúar Miðannarmat	3. Kjörbókin Án filters		Lesið bls. 115-156 og vinna verkefni.
1.-5. mars Áfangamessa	3. Kjörbókin Án filters		Próf: Án filters. Rifja upp kafla 1-12. Byrja að vinna í ritgerð.
8.-12. mars Valdagur 10. mars	4. Bókmenntaarfurinn	20%	Rifja upp kafla 1-12. Ritgerðarvinna. Skil á ritgerð.
15.-19. mars Flóafár 19. mars	4. Bókmenntaarfurinn		Þjóðsögur.
22.-26. mars	4. Bókmenntaarfurinn		Íslendingaþættir og goðsögur.
29. mars-2. apríl Páskafri			
5.-9. apríl Páskafri 5. og 6. apr.	5. Leiðsögumaður í eigin landi	15%	Próf: Bókmenntaarfurinn. Heimildaöflun, ritun og verkefnavinna.
12.-16. apríl	5. Leiðsögumaður í eigin landi		Verkefnavinna og undirbúningur fyrir glærुकynningu. Kynning (í kennslustund).
19.-23. apríl Sumardagurinn fyrsti, 22. apríl	5. Leiðsögumaður í eigin landi		Verkefnavinna og undirbúningur fyrir glærुकynningu. Kynning (í kennslustund).
26.-30. apríl	6. Sýndu hvað í þér býr	10%	Hæfni, ritun og tjáning.
3.-7. maí Síðasta kennsluvika	Sjúkrapróf og skrap		
10.-17. maí	Námsmat		